

**FW: Urðunarstaðar við Bjarnhóla í Borgarbyggð**

Búið til 30.4.2015 15:58:18

Höfundur Kristín Á Björnsdóttir

Móttekið 2015-04-30 14:54:54Z

Tilheyrir UST201502-143 - Umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstað - Bjarnhólar í Hamarslandi

Frá **Jökull Helgason (jokull@borgarbyggd.is)**  
 Til **kolfinna@borgarbyggd.is, jonina@borgarbyggd.is**  
 Afrit **gudrunh@borgarbyggd.is, ludvik.e.gustafsson@samband.is, ust@umhverfisstofnun.is, lulu@borgarbyggd.is**  
 Efni **FW: Urðunarstaðar við Bjarnhóla í Borgarbyggð**  
 Bréfalykill **08.14.02 Meðhöndlun úrgangs - eftirlit og vöktun**

**Texti**

Sæl verið þið.

Þá liggur fyrir niðurstaða Skipulagsstofnunar varðandi matsskyldu vegna urðunarstaðarins við Bjarnhóla.

Kveðja,

Jökull Helgason

**From:** Valur Klemensson [mailto:valur@skipulagsstofnun.is]  
**Sent:** 30. apríl 2015 14:12  
**To:** Jökull Helgason; Guðrún Hilmsdóttir; ludvik.e.gustafsson@samband.is  
**Subject:** Urðunarstaðar við Bjarnhóla í Borgarbyggð

Sæl verið þið

Vísad er til fyrirspurnar um matsskyldu dags. 8. apríl 2015 vegna urðunarstaðar við Bjarnhóla í Borgarbyggð.

Fyrirhugað er að taka á móti 80 tonnum af óvirkum úrgangi til urðunar, 120 tonnum af garðaúrgangi og hrossataði og 400 tonnum af timbri.

Gert er ráð fyrir að hreint timbur verði kurlað og notað m.a. til undirburðar og stígagerðar en málað timbur verði sent til urðunar

á urðunarstað þar sem slíkt er heimilt.

Heildarmagn úrgangs sem tekið verði á móti sé því um 600 tonn á ári.

Í tölulið 11.15 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 kemur fram að *endurnýting úrgangs þar sem meðhöndluð eru meira en 500 tonn á ári* falli í B flokk og skuli tilkynnt til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Skipulagsstofnun lítur svo á að kurlun timburs teljist ekki sem meðhöndlun þar sem hún feli ekki í sér eðlisbreytingu á timbrinu

og því sé heildarmagn þess efnis sem meðhöndlað verður við Bjarnhóla undir þeim 500 tonna mörkum sem miðað er við í tölulið 11.15 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Miðað við umfang fyrirhugaðrar starfsemi sem lýst er í áhættumati og viðbragðsáætlun sem fylgdi fyrirspurninni, fyrir urðunarstað fyrir óvirkan úrgang við Bjarnhóla í Borgarbyggð er það mat Skipulagsstofnunar að framkvæmdin sé ekki tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Mbk

Valur